

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi flugþjónustusvæðis á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum, hefur skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar, hinn 18. mars 2011, samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi flugþjónustusvæðis – svæði A, á Keflavíkurflugvelli.

Breytingin tekur til lóðanna Blikavallar 5 og Kjóavallar 1. Einnig er gerð breyting á skipulags-skilmálum.

Á Blikavelli 5 er byggingarreitur fyrir einnar hæðar hús syðst á lóðinni breikkaður um 4,0 metra – stækkaður úr 800 m² í 1.000 m². Heimilt verður að fullbyggja reitinn.

Lóðin Kjóavöllur 1 er minnkuð um 415 m² – og þar með deiliskipulagssvæði A. Sniðið er af suðausturhorni hennar og sá hluti felldur inn í lóð á aðliggjandi deiliskipulagssvæði.

Í skilmálahefti er almennum ákvæðum um utanhússklæðningar í kafla 3.01 breytt.

Breyttur texti er svohljóðandi: „Ytra byrði útveggja skal vera úr sjónsteypu, eða með gegnheilum málmklæðningum (ómeðhöndlað zink/eir/aluzink) eða sléttum málmliúðum (gráir tónar sbr. natur állitur) klæðningum. Sú kvöð er á forni málmklæðninganna vegna flugstjórnartækja, að mesta leyfileg breidd á sléttum flötum milli brota eða bylgja er 21,0 sm“.

Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Keflavíkurflugvelli, 20. apríl 2011.

F.h. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar,

Sigurður H. Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.